FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 323
Dagsetning: 5. maí 2026
Fundartími: 08:15 – 09:12
Fundarstaður: Orkugarður - Fundarsalur 2. hæð
Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

---

Stjórn
Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Heimir Örn Árnason

Fjarverandi

Starfsfólk
Eyþór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Fallorka - framtíðarskipulag
3. Eimur, drög að nýjum samningi
4. Önnur mál

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. Stjórn skiptir með sér verkum
Hlynur Jóhannsson aldursforseti stjórnar, setti fyrsta fund stjórnar eftir aðalfund. Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að skipta með sér verkum.
Formaður stjórnar: Hlynur Jóhannsson
Varaformaður: Geir Kristinn Aðalsteinsson
Ritari: Hilda Jana Gísladóttir
Meðstjórnendur: Sóley Björk Stefánsdóttir og Heimir Örn Árnason
Samþykkt.

2. Fallorka - framtíðarskipulag
Á aðalfundi Fallorku ehf. 14. apríl 2026 voru samþykktar endurskoðaðar samþykktir félagsins þar sem tekið er tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa á starfseminni.
Taka þarf ákvörðun um skipulag Fallorku. Núverandi þriggja manna stjórn var kosin en gert ráð fyrir því að eins manns stjórn taki við fljótlega. Velja þarf þann stjórnarmann og hans hlutverk verður að velja framkvæmdastjóra fyrir félagið. Starfshlutfall framkvæmdastjóra er varla meira en 15-20% og því þarf væntanlega að leita að aðila sem getur unnið verkefnið í hlutastarfi.
Forstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

3. Eimur, drög að nýjum samningi
Samningur um samstarfsverkefnið Eim rennur út í lok þessa árs. Stjórn Eims er að vinna drög að nýjum samningi og er nú að kanna í sínu baklandi vilja til að styðja við verkefnið áfram.
Staðan er sú að núverandi framkvæmdastjóri hefur sagt starfi sínu lausu og ráða þarf í starfið. Það flækir málið að framtíð Eims er óljós, í það minnsta er fjármögnun óljós. Samningsdrög hafa verið lögð undir dagskrárliðinn inn í fundargátt.
Eftir umræðu var ákvörðun vísað til fjárhagsáætlunargerðar í haust.

4. Önnur mál
a) Val stjórnarmanna sem ráðnir verða (óháðir) í stjórn. Hver þarf aðkoma NO að vera að því?
b) Innleiðing á breyttu verklagi vegna breytinga sem gerðar voru á samþykktum félagsins á aðalfundi í apríl. Gert er ráð fyrir því að forstjóri leggi fram drög að verkefnisáætlun á stjórnarfundi í júní.
a) Verkefnið er alfarið á höndum Akureyrarbæjar og NO hefur því enga aðkomu að því.
b) Til upplýsingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:12